

# Eystrahorn

22. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 14. júní 2018

www.eystrahorn.is

## Kvikmyndagerð á Stekkakletti



Undirbúningur fyrir næstu kvikmynd Hlyns Pálmasonar í fullri lengd er hafinn og eru miklar framkvæmdir farnar af stað í húsinu við Stekkaklett sem verður aðal tökustaður myndarinnar. Kvikmyndin ber titilinn Hvítur, hvítur dagur en í grófum dráttum fjallar hún um lögreglustjóra í litlu sjávarþorpi sem verður heltekinn af þráhyggju yfir að ná manningum sem grunaður er um að hafa orðið konu hans að bana. Með tímanum breytist þráhyggja hans í algjöra firringu, hann missir tókin á sjálfum sér sem óhjákvæmilega bitnar á þeim sem standa honum næst. Þetta er saga um sorg, hefnd, tryggð, fórn, bernsku og skilyrðislausu ást. Ingvar E. Sigurðsson fer með aðalhlutverkið en í aukahlutverkum verða fleiri þjóðþekktir leikarar og vonandi einhverjir áhugasamir á staðnum, en auglýst verður eftir þeim á næstunni. Hlynur segir að umfang á kvikmynd eins og Hvítur, hvítur dagur sé yfir 300 [m.kr.](#) og næsta verkefni þar á eftir verði ekki umfangsminna.

### Í kjölfar velgengni Vetrarbræðra

Kvikmyndin er samvinna milli Íslands, Danmerkur, Svíþjóðar og Frakklands, en í kjölfar velgengni Vetrarbræðra hefur fjármögnun og undirbúningur

að næstu kvikmyndum gengið afar vel og í því felast sóknarfæri. Hin dansk/íslenska kvikmynd *Vetrarbræður* vann nýverið til tvennra verðlauna þar sem hún var valin besta kvikmyndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Kænugarði í Úkraínu, og var Hlynur valinn besti leikstjórinn á Transilvaníu kvikmyndahátíðinni í Rúmeníu. *Vetrarbræður* hefur nú unnið til yfir 30 alþjóðlegra verðlauna síðan hún var heimsfrumsýnd á hinni virtu Locarno kvikmyndahátíð í Sviss í ágúst síðastliðnum, þar sem myndin hlaut fern verðlaun. Hún hefur auk þess verið seld til yfir tuttugu landa og verður sýnd í bíóhúsum í Bandaríkjunum í júní, og verður þá frumsýnd á listasafninu MoMa í New York.

### Leikmynd að íverustað?

Hlynur hefur áform um að nýta byrinn til að byggja upp starfsemi tengdri alþjóðlegri kvikmyndagerð hérna í Hornafirði. Um er að ræða uppbyggingu á aðstöðu til eftirvinnslu kvikmynda og gæti kvikmyndagerðafólk þá unnið lokaferli framleiðslunnar hér á staðnum. Hlynur segir Hornafjörð afar heppilegan stað til þess, þar sem fólk geti í friði og ró lagt lokahönd á verkin sín umvafið náttúrufegurð, kyrrð, góðum mat úr héraði ásamt

ótal möguleikum til útivistar af ýmsum toga. Hann hefur áhuga á að taka Stekkaklett, þar sem núna er verið að setja upp leikmynd fyrir Hvítan, hvítan dag, á leigu af sveitarfélaginu næstu sjö árin, og koma þar fyrir aðstöðu til eftirvinnslu kvikmynda. Þegar eftirvinnslan væri fullbúin gætu fimmtán kvikmyndir í fullri lengd frá öllum heimshornum farið í gegnum eftirvinnsluna á Stekkarkletti á ári hverju, og myndi það skapa afar jákvæða ímynd af sveitarfélaginu okkar, laða að íbúa og gesti og auka fjölbreytni í menningu, mannlífi og atvinnu. Hlynur er þakklátur aðkomu sveitarfélagsins sem hefur stutt við kvikmyndina með því að leyfa honum að nýta húsið fyrir tök og borga hluta af breytingunum á húsinu. Samningaviðræður varðandi leigu á húsinu og hvernig nýta megí staðinn að tókum loknum vonast Hlynur til að þökist í rétta

átt með nýrri bæjarstjórn og breyttum áherslum.

### Alþjóðleg kvikmyndagerð í Hornafirði

Hlynur segir að það sé verið að byggja upp mikið kvikmyndaþorp í Gufunesinu í Reykjavík og væri auðveldlega hægt að vera með aðstöðu þar. Hins vegar sé það draumurinn að byggja upp minni og persónulegri eftirvinnslu hérna heima í Hornafirði, þar sem unnið er náið með kvikmyndagerðafólki á einstökum stað, með þeim samböndum sem hafa myndast vegna velgengni Vetrarbræðra. Þessi uppbygging þarf tíma til að vaxa og þroskast og því er nauðsynlegt að gefa sér nokkur ár til að láta á þessa hugmynd reyna. Þess vegna hafi hann óskað eftir að ganga til samninga við sveitarfélagið um afnot af húsinu til næstu sjö ára. Hann segir að það sé mikilvægt fyrir blómstrandi samfélag að hafa kröftugt menningarlíf og þess vegna þurfi að styðja við frumkvöðla í menningartengdri starfsemi. Kvikmyndir séu eitt stærsta listform tuttugustu og fyrstu aldarinnar og mikill menningararfur í henni fölginn.





## Hafnarkirkja

Sunnudaginn 17. júní

Fjölskyldufjör kl. 11:00

Það verður sungið og farið í skemmtilega leiki. Verið velkomin í kirkjuna á þjóðhátíðardegi Íslendinga.

Prestarnir

## 17. júní í Nesjum



UMF. Máni heldur árlega þjóðhátíðarskemmtun 17. júní.

Dagskrá verður með svipuðu móti og undanfarin ár, þ.e. leikir og gönguferð sem ætti að henta öllum. Við leggjum af stað frá Mánagarði klukkan 13:00. Allir velkomnir.



*Stjórn UMF. Mána*

## Söfnun á landbúnaðarplasti



Dagana **18.-19. júní** fer fram söfnun á rúlluplasti frá bændum. Þeir bændur sem óska eftir því að nýta sér þessa þjónustu vinsamlega tilkynni það til Einars í síma 840-5710 eða [ainarj@igf.is](mailto:ainarj@igf.is) fyrir **laugardaginn 16. júní**.

*Mikilvægt er að skila rúlluplasti hreinu til endurvinnslu.*



Fiskhól 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)  
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

## Ísland - Argentína

Yngri flokka ráð Sindra í knattspyrnu ætla að selja HM varning á Hafinu kl. 12:00 laugardaginn 16. júní á meðan leikurinn stendur yfir. Einnig ætlum við að grilla hamborgara gegn vægu gjaldi.

Hlökkum til að sjá sem flesta.

### Áfram Ísland

Yngri flokka ráð



## 17. júní hátíðarhöld á Höfn

13:15 Blöðrusala á N1

14:00 Skrúðganga leggur af stað frá N1 á hóteltúnið þar sem hátíðarhöldin fara fram að lokinni skrúðgöngu.

Lúðrasveitin leikur að venju í skrúðgöngu og fánaberar eru iðkendur Sindra í knattspyrnu.

### Dagskrá á Hóteltúninu

Ávarp fjallkonu

Söngatriði

Fimleikasýning

Hoppukastalar í boði Kaffi Hornsins

Grillaðar pylsur

Andlitsmálun

Leikir o.fl.



## Frumherji

### Bifreiðaskoðun á Höfn

18., 19. og 20. júní.

Tímamantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. júní.

Næsta skoðun 16., 17. og 18. júlí.

## Frumherji

*Þegar vel er skoðað*





## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Lausar íbúðarlóðir á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausar íbúðarlóðir á Höfn tilbúna til úthlutunar. Yfirlit yfir lausar lóðir er að finna á slóðinni [www.map.is/hofn](http://www.map.is/hofn) undir flípanum lóðir til úthlutunar.

Lóðaumsóknir fara fram í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins: <https://ibuagatt.hornafjordur.is/login>

Úthlutun á íbúðarlóðum verður í samræmi við reglur sveitarfélagsins um úthlutun lóða sem er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Frestur til að skila inn umsóknum er miðvikudagurinn 20. júní 2018 kl. 20:00 og mun útdráttur fara fram í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn þann 21. júní 2018 kl. 11:00 í viðurvist fulltrúa sýslumanns.



Lausar lóðir á Leirusvæði



Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri

## Mistök við dreifingu bæklinga fyrir kosningar

Í aðdraganda kosninganna var ákveðið að búa til bækling með áherslum 3.framboðsins og dreifa honum inn á öll heimili í sveitarfélaginu til að miðla upplýsingum sem viðast. Til þess átti að nýta þjónustu sem Pósturinn býður uppá og kallast *Fjölþóstur*. Þá er pósti dreift inn á öll heimili nema þau sem hafa afþakkað sérstaklega slíkan póst.

Bæklingurinn fór tímanlega í póst eða í byrjun maí, en tæplega tveimur

sólarhringum fyrir kosningar kom hins vegar í ljós að stór hluti bæklinganna hafði ekki verið borinn út og lá enn á pósthúsinu. Þegar skýringa var leitað var svarið að um *misskilning hafi verið að ræða sem olli atvikinu*.

Héðan af er ekkert við þessu að gera, mistök geta alltaf orðið. Okkur hjá 3.framboðinu þykir þetta mjög miður og biðjum alla þá sem ekki fengu bækling í aðdraganda kosninganna afsökunar, það var ekki ætlunin að gera upp á milli manna.



Stjórn 3.framboðsins



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Ræsting í Vöruhúsi

#### Laust 46% framtíðarstarf við ræstingar í Vöruhúsinu í vaktavinnu

Laun samkvæmt kjarasamningum launanevndar sveitarfélaga og Afsl starfsgreinafélags.

Upplýsingar um starfið veitir Vilhjálmur Magnússon, forstöðumaður Vöruhúss, [vilhjalmurm@hornafjordur.is](mailto:vilhjalmurm@hornafjordur.is).

**Umsóknafrestur er til og með 25. júlí.**

Viðkomandi getur hafið störf 6. ágúst



## Fimleikar í sumar

3. júlí – 24. júlí - 7 tímar

7. ágúst – 16. ágúst - 4 tímar

5.000 kr fyrir 11 tíma í 3. fl.

7.500 kr fyrir 11 tíma í 1. fl.



Þriðjudagar og fimmtudagar:

kl. 16:30 – 17:30

3. flokkur (kvk og kk) á næsta tímabili (5 og 6b) – Tinna Marín, Eydís og Hildur

kl. 17:30 - 19:00

1.flokkur – Tinna Marín



## Framtíðarstörf á Skjólgarði

Viljir þú kynna stremmtilegu fólki á öllum aldri og vinna gefandi starf, þá er þetta eitthvað fyrir þig:

### Skjólgarður, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Auglýsum eftir starfsfólki í umönnun og getur viðkomandi hafið störf sem fyrst. Um vaktavinnu er að ræða, starfshlutfall eftir samkomulagi. Upplýsingar gefur Ásgerður Gylfadóttir hjúkrunarstjóri á hjúkrunarsviði í síma 470 8630 eða netfang [asgerdur@hornafjordur.is](mailto:asgerdur@hornafjordur.is).



### Mötuneyti Skjólgarði.

Viljum ráða starfsfólk í mötuneyti Skjólgarðs en þar er matreiddur matur fyrir íbúa Skjólgarðs, sent í heimahús, í dagdöl aldraðra, fyrir Grunnskóla Hornafjarðar o.fl. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst, starfshlutfall og vinnutími eftir samkomulagi. Upplýsingar gefur Kristján Guðnason matreiðslumaður í síma 470 8640 eða netfang [asgerdur@hornafjordur.is](mailto:asgerdur@hornafjordur.is).

Vinsamlegast sendið umsókn á ofangreind netföng. Hvetjum karlmenn jafnt sem konur til að sækja um.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sveitarfélaga við BSRB.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2018.**



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Starfsmenn vantar í félagsmiðstöð í haust

**Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar  
Þrykkjunnar óskast í 50% starf.**

### Ábyrgðar- og starfssvið:

Skipuleggur starf félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í samvinnu við Þrykkjuráð og tómstundafulltrúa. Starfar með börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni. Hefur samskipti við skóla, foreldra og félagasamtök vegna starfsemi félagsmiðstöðvar.

Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

### 2. Frístundaleiðbeinandi óskast í 30% stöðu í Þrykkjunni.

Kemur að skipulagningu tómstundastarfs og starfar með börnum og ungmennum á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.

Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

### Umsóknarfrestur er til 01. júlí n.k.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Ragnhildar Jónsdóttur fræðslustjóra í netfangið; [Ragnhildur@hornafjordur.is](mailto:Ragnhildur@hornafjordur.is) sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður

## Bæjarstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að taka við starfi bæjarstjóra sveitarfélagsins.

Leitað er að jákvæðum, heiðarlegum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu af því að starfa með fólki og hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf líka að eiga auðvelt með samskipti fyrir hönd bæjarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

Umsóknarfrestur

**24. júní**

### Helstu verkefni

- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði.
- Bæjarstjóri undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annarra starfsmanna sveitarfélagsins, nánari útlitun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 50. gr. samþykka um stjórn og fundarskög Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/6799](http://capacent.is/s/6799)**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði.
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.



Hornafjörður er blómstrandi 2.330 manna samfélag sem byggir á sjávarútvegi og ferðapjónustu, starfsstöð bæjarstjóra er á Höfn í fjölskylduvænu umhverfi þar sem öll nútíma þægindi eru til staðar. Öflugt menningar- og félagslíf er í sveitarfélaginu og fjölbreytt íþróttastarf í heilsueflandi samfélagi. Öll almenn þjónusta er til staðar og má þar nefna m.a. tónskóla, líkamsrækt, knattússundlaug og heilbrigðisstofnun. Samgöngur til Hafnar eru greiðar, beint flug og strætó.

Sjá einnig á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is).